



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/1595
komudagur 30.3.2004

Reykjavík
30.mars 2004

v/130. löggjafarþing
v/Þskj. 794 – 520. mál

Umsögn um frumvarp til laga frá Samtökum um kvennaathvarf

Um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum.
(um fyrningarfrest í kynferðisafbrotamálum)

UMSÖGN

Samtök um kvennaathvarf lýsa stuðningi við frumvarpið og hvetja til að það verði samþykkt.

GREINARGERÐ MEÐ UMSÖGN

Það er löngu kominn tími til að sérstaða kynferðisbrotamála gagnvart börnum sé viðurkennd innan laganna. Samkvæmt upplýsingum frá Stígamótum tekur langan tíma fyrir fólk, aðallega konur, að stíga fyrsta skrefið til að leita sér hjálpar vegna kynferðislegs ofbeldis. Það er hins vegar jafn mikilvægt fyrir fórnarlömb kynferðisglæpa og annarra glæpa að fá viðurkenningu á að brotið hafi verið á þeim, en þá verður réttarkerfið að hafa heimild til að veita hana.

Þegar konur verða fyrir kynbundnu ofbeldi, hvort sem um ræðir sífjaspell, heimilisofbeldi eða nauðgun fá þær oft sektarkennd, lélega sjálfsmynd og finna fyrir skömm. Þegar glímt er við slíkar tilfinningar er erfitt að stíga það skref að kæra ofbeldismanninn og það getur tekið mörg ár að vinna úr slíkum tilfinningum. **Það er því fullt tilefni til að skoða hvort eigi yfir höfuð að vera fyrningafrestur í málum þar sem um kynbundið ofbeldi er að ræða.**